



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinn þriðjudaginn 29.09.2015 kl. 17:15

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS), Þorsteinn Þorbergsson (PB), Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 30. ágúst var lög fyrir og samþykkt.
2. Erindi frá handknattleiksdeild
 - Lagt var fyrir aðalstjórn bréf frá stjórn handknattleiksdeildar þar sem farið er yfir fjárhagsstöðu deildarinnar og aðgerðir til að laga fjárhag deildarinnar.
 - Einnig var óskað efti samþykki aðalstjórnar við að semja við erlendan leikmann í mfl kvk. Fjármögnun er að mestu tryggð, stór hluti fjármagnsins hefur þegar verið innheimt auk þess sem allt fjármagn sem snýr að leikmanninum eru nýjar tekjur inn til deildarinnar.
 - Aðalstjórn samþykkti erindi um erlendan leikmann þó með skilyrðum sem gjaldkera, formanni ásamt framkvæmdastjóra og fjármálastjóra var falið að fara yfir með deildinni.
3. Staða bókhaldsmála
 - Gjaldkeri fór yfir stöðu bókhaldsmála félagsins í nýju bókhaldskerfi
 - Innleiðing nýs bókhaldskerfis hefur gengið erfiðlega fyrir margar sakir.
 - Mikið hefur áunnist í innleiðingunni frá byrjun ágúst og má reikna með að bókhaldið verði komið í góðan farveg í október.
 - Lagt var til að halda sérstakan aðalstjórnarfund innan þriggja vikna um 8 mánaða uppgjör félagsins
4. Erindi frá Barna og unglingaráði knattspyrnudeildar
 - Lagt var fyrir erindi frá Barna og unglingaráði knattspyrnudeildar þar sem óskað var eftir því að bílskúrin í stúkunni verði rýmdur og hægt verði að nýta hann sem styrktarþjálfunaraðstöðu.
 - Erindið var samþykkt.
5. Önnur mál
 - Bréf til aðalstjórnar frá foreldri í handknattleiksdeild
 - Lagt var fyrir bréf frá foreldri í handknattleiksdeild þar sem borin var æfingatími kvenna og karla í ákveðnum aldursflokki.
 - Farið var yfir skýringar og viðbrögð handknattleiksdeildarinnar við bréfinu.
 - Framkvæmdastjóra og Kristjáni B. Thorlacius var falið að svara erindinu.
6. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - Fræðslumál félagsins
 - Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu sem átt hefur sér stað í þessum málum innan félagsins og verkefnalista og plönnum fyrir næsta ár sem Ásta Kristjánsdóttir, Íris Rut Erlingsdóttir hafa lagt upp.



- Vinnu við fræðsluplan fyrir næsta ár mun halda áfram og kynnt betur í desember.
- Framkvæmdastjóri fór lauslega yfir umræðu um gúmmíkurl á völlum.
 - Bæjartæknifræðingur er að gera úttekt á þessum málum fyrir hönd Garðabæjar og mun Stjarnan fá afrit af skýrslu um þessi mál.
- Áætlunarvinna
 - Vinna við áætlunarvinnu 2016 hefur tafist vegna innleiðingar bókhaldskerfisins.
 - Vinnan verður sett í forgang seinni partinn í október. Markmiðið er að klára þá vinnu fyrir lok nóvember.
- Kvennahlaup ÍSÍ
 - Ljóst er að formaður kvennahlaupsnefndarinnar mun hætta fyrir næsta sumar og þarf því að finna nýja aðila til að taka við keflinu.
 - Framkvæmdastjóri á fund á næstu dögum með Önnu Möller formanni kvennahlaupsnefndar og konum úr hlaupahóp Stjörnunnar til að kanna áhuga á að koma að verkefninu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00. Ritað J.Egils